



Borgarráð

Minnisblað

Efni: Svar við beiðni um niðurfellingu fasteignaskatta hjá Reykjavíkurborg

Vísað er til bréfs Samtaka ferðaþjónustu og Félags fyrirtækja í hótél- og gistipjónustu, dags. 7. október sl., sem sent var Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og formanni borgarráðs Reykjavíkurborgar.

Í bréfinu eru rakin þau áhrif sem heimsfaraldur kórónuveiru sem veldur Covid-19 sjúkdómnum hefur haft á ferðaþjónustuna og þær aðgerðir sem stjórnvöld hafa gripið til, svo sem með lagasetningu, til að styðja við atvinnurekendur og launþega og til að stuðla að minni samdrætti en ella. Þá eru raktar þær lagabreytingar sem heimiluðu gjaldendum fasteignaskatta að óska eftir fresti á greiðslu allt að þriggja krafna á árinu 2020 og tiltekið að löggjöfin beri það með sér að vandinn hafi verið talinn tímabundinn. Annað hafi komið í ljós og því þurfi að koma til frekari aðgerðir til að draga úr fastakostnaði atvinnurekenda. Þar spili fasteignagjöld stóran hluta og að leiðin að lækkun fastakostnaðar fyrirtækja í ferðaþjónustu sé að fella niður fasteignaskatta á þau fyrir árið 2020 og eða 2021.

Lagt er til að sveitarfélögin krefjist lagasetningar til þess að slík niðurfelling nái fram að ganga. Ef niðurfelling teljist of kostnaðarsöm þurfi að veita sveitarfélögum heimild til að fresta greiðslu fasteignaskatta til langs tíma eða til allt að 10 ára fyrir gjöld sem stofnast á árunum 2020-2022. Er lagt til að slík frestun gæti verið í formi skuldabréfs með lögveði í viðkomandi fasteignum. Fleiri tillögur eru lagðar til í bréfinu og er vísað til þess um frekari útfærslu á einstökum atriðum. Að lokum er lagt til að sveitarfélögin krefjist heimildar til að fresta greiðslum fasteignaskatts svo sveitarfélögin geti notið góðs af rekstri atvinnugreinarinnar á komandi árum þegar veiran hefur kvatt.

Fasteignaskattur er annar stærsti tekjustofn sveitarfélaga og er álagning skattsins ákvörðuð með heimild í lögum, sbr. 40. og 77. gr. laga nr. 33/1944. Óheimilt er að breyta eða afnema álagningu nema með beinni lagaheimild. Samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 skal leggja fasteignaskatt á fasteignir samkvæmt skráningu í fasteignaskrá Íslands á hverjum tíma og skal stofn til álagningar fasteignaskatts vera fasteignamat þeirra. Óheimilt er að fara eftir öðru mati en því sem skráning fasteignaskrár Íslands gefur til kynna samkvæmt áramótastöðu næstliðins árs við álagningu fasteignagjalda. Reykjavíkurborg hefur því ekki heimildir til að lækka eða fella niður fasteignagjöld að undanskyldum þeim fasteignum sem falla undir undanþáguheimild 5. gr. laganna. Það er í höndum borgarstjórnar að ákveða fjölda gjalddaga fasteignaskatts skv. 4. mgr., 4. gr. sömu laga auk þess að ákveða skatthlutfall fasteigna. Álagning fasteignagjalda fer samkvæmt ákvörðun Þjóðskrár Íslands um fasteignamat einstakra eigna enda er það Þjóðskrá sem fer með yfirumsjón fasteignaskráningar skv. lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Heimildir sveitarfélaga ná ekki til annarra ákvarðana



um fasteignaskatt en að framan er rakið enda um lögbundinn skatt að ræða sem hvorki verður settur á né afnuminn nema með lagasetningu þar um.

Þær aðgerðir sem ráðist var í eftir að Alþingi samþykkti lög nr. 25/2020 um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru, þann 31. mars sl., líða nú senn undir lok. Lögin heimiluðu frestun á allt að þremur gjalddögum fasteignagjalda, sem áttu að koma til greiðslu á tímabilinu 1. apríl til 5. desember 2020, til 15. janúar 2021. Í kjölfar lagasetningarinnar var innheimtureglum Reykjavíkurborgar breytt til samræmis við gildandi lög eins og kunnugt er.

Ekki hefur verið opnað fyrir umsóknir um frekari frestun á þeim þremur gjalddögum sem eiga að koma til greiðslu þann 15. janúar nk. en heimild er til frestunar á þeim greiðslum þannig að þeim verði dreift á gjalddaga í júní, júlí og ágúst 2021, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Nú þegar hafa borist 135 beiðnir um frestun gjalddaga til 15. janúar nk. frá fyrirtækjum í atvinnurekstri og af þeim hefur verið samþykkt frestun hjá 89 fyrirtækjum. Það er því enn óljóst hversu margar beiðnir um frekari frestun verði lagðar fram í janúar nk. af þeim sem hafa verið samþykktar. Það skal þó tekið fram að enn er hægt að sækja um frestun á þremur gjalddögum ársins 2020 til 15. janúar en fresturinn rennur út þann 5. desember nk.

Með vísan til jafnræðis gjaldenda opinberra gjalda er Reykjavíkurborg skylt að innheimta öll fasteignagjöld með sama hætti og getur því ekki orðið við beiðni um að fella niður fasteignaskatta- og gjöld á einstök fyrirtæki í ferðapjónustu umfram aðra sem greiða slíka skatta. Að heimila slíkt verður ávallt að vera á forræði löggjafans. Taka þarf tillit til þess hvernig skuli mæta þeirri tekjuskerðingu sem af því hlýst hjá sveitarfélögum. Þá kann það að skjóta skökku við að sveitarfélögin óski sjálf eftir niðurfellingu á öðrum stærsta tekjulið sínum nema að tryggt verði að fjármagn komi frá ríkinu á sama tíma og útgjöld sveitarfélaga hafa aukist umtalsvert vegna viðbótarútgjalda og fyrirsjáanlegum samdrætti í tekjum vegna þeirra aðstæðna sem ríkja af völdum Covid-19.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Reykjavíkurborgar

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.